

## GJALDSKRÁ

### fyrir meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar innheimtir gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs eins og fram kemur í gjaldskrá þessari. Fjarðabyggð áskilur sér rétt til þess að fela sorphirðuverktaka umsjón með innheimtu móttökugjalda á söfnunarstöðvum, móttökustöð og í Þernunesi.

#### 2. gr.

*Sorpförgunargjald* greiðist árlega. Gjald skal innheimt með fasteignagjöldum.

Árið 2021 er gjaldið kr. 14.777 fyrir förgun á innihaldi hveirrar almennrar sorptunnu.

*Sorphreinsunargjald* þ.e. gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, annarrar en förgunar, greiðist árlega. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

Árið 2021 er gjaldið kr. 31.136 fyrir hverja almenna sorptunnu.

#### 3. gr.

Á móttöku- og söfnunarstöðum er einungis hægt að greiða fyrir gjaldskyldan úrgang með klippikorti. Heimili í Fjarðabyggð fá úthlutað einu klippikorti á ári en fyrirtæki þurfa að greiða fyrir kortin. Kortið gildir fyrir 4,0 m<sup>3</sup> af gjaldskyldum úrgangi og er því skipt niður í 0,25 m<sup>3</sup> hluta. Gjaldskyldur úrgangur er t.d. blandaður úrgangur, grófur úrgangur og timbur. Úrgangur sem ber úrvinnslugjald svo sem pappi, málmar, plastumbúðir, hjólbarðar, raftæki og flest spilliefni eru gjaldfrjáls.

Klippikortin gilda einungis á móttöku- og söfnunarstöðum en ekki á urðunarstað.

*Hámarksfarmstærð* er 2 m<sup>3</sup> fyrir alla viðskiptavinum söfnunarstöðva Fjarðabyggðar en stærri farma skal fara með í móttökustöðina á Reyðarfirði. Fyrirtækjagáma eða sambærilega farma ber að fara með beint í Þernunes. Gjaldskyldur úrgangur undir 0,25 m<sup>3</sup> ber lágmarksgjald.

	<i>kr. án VSK</i>	<i>kr. með VSK</i>
<i>Klippikort fyrir 4 m<sup>3</sup></i>	9.656,30	11.973,60

*Spilliefni*: Ef spilliefni ber ekki úrvinnslugjald er heimilt að innheimta fyrir útlögðum kostnaði skv. gjaldskrá þjónustuaðila.

#### 4. gr.

Gjöld vegna móttöku og/eða meðhöndlunar úrgangs á móttökustöð í Þernunesi:

	<i>kr./kg án VSK</i>	<i>kr./kg með VSK</i>
<b>Óflokkaður úrgangur:</b>		
<i>Blandaður úrgangur</i>	18,90	23,40
Úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil eða til sérstakrar meðhöndlunar		
<i>Grófur úrgangur</i>	22,50	28,70
Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega. Dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, veiðarfæri, húsgögn, jarðvegur, steinefni og gler		
<b>Flokkaður úrgangur:</b>		
<i>Timbur</i>	16,80	20,80
Hvítmálað, plasthúðað og blandað		
<i>Hreint timbur</i> sem má nýta í landmótun	14,70	17,80
Móttaka í móttökustöð á Reyðarfirði		

<i>Kjöt og slátur úrgangur</i>	18,90	23,40
* <i>Seyra</i>	17,80	22,80
* <i>Fíta</i>	17,80	22,80
* <i>Olíumengaður úrgangur</i>	21,00	26,00
* <i>Sóttmengaður úrgangur</i>	21,00	26,00

\* Ef vinna þarf úrgang sérstaklega fyrir urðun er verktaka heimilt að innheimta tímagjald skv. gjaldskrá verktaka.

Aðeins fyrirtækjum með starfsleyfi til að flytja úrgang er heimilt að koma með úrgang beint í móttökustöðina í Þernunesi. Öll losun skal fara fram í samráði við rekstraraðila, sem er Íslenska gámafélagið.

#### 5. gr.

Gjalddagar gjalda skv. 2. gr. fylgja reglum um gjalddaga fasteignagjalda og er skipt jafnt niður á þá. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Gjalddagi gjalda skv. 3., 4. og 5. gr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum síðar.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Fjarðabyggðar með stoð í samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð nr. 247/2011, sbr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2021.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1113/2019.

*Fjarðabyggð, 4. desember 2020.*

**Jón Björn Hákonarson** bæjarstjóri.

—————  
B-deild – Útgáfud.: 18. desember 2020